



Forsætisnefnd

Fyrirkomulag borgarstjórnarfunda í samkomutakmörkunum sem gilda frá 10. nóvember 2021.

Þann 10. nóvember nk. tekur gildi ný reglugerð heilbrigðisráðherra um takmörkun á samkomum vegna farsóttar. Þær takmarkanir á samkomum sem þar eru ákveðnar verða í gildi til og með 8. desember nk. Í 4. gr. reglugerðarinnar er fjallað um almennar nálægðartakmarkanir og grímunotkun en þar kemur fram að á öllum samkomum skal tryggja að hægt sé að hafa a.m.k. 1. metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum. Andlitsgrímur skal nota þar sem ekki er unnt að tryggja nálægðartakmörkun.

Ofangreind ákvæði hafa það ekki í för með sér að nauðsynlegt verði að takmarka fjölda borgarfulltrúa í sal borgarstjórnar á þeim tíma sem takmarkanirnar eru í gildi. Borgarfulltrúar og starfsmenn fundarins þurfa þó að bera grímu á meðan á fundi stendur, nema þegar þeir sitja í sæti sínu eða eru í ræðustól.

Þeir borgarfulltrúar sem óska eftir að nýta sér heimildir til að sitja fundinn með rafrænum hætti eru beðnir um að senda inn beiðni um það tímanlega. Eins og áður eru borgarfulltrúar jafnframt minntir á einstaklingsbundnar sóttvarnir, mæta ekki til fundar séu þeir með einkenni og skrá sig strax í sýnatöku.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

